

Þorsteinn Sæmundsson, Hjalti Guðmundsson,
Þórdís V. Bragadóttir og Helgi Páll Jónsson

HVÍTABIRNIR Í SKAGAFIRÐI ÁRIÐ 2008

Í júnímánuði árið 2008 gengu tveir hvítabirnir á land í Skagafirði. Sá fyrri sást fyrst við Miðmundarfjall við Þverárfjallsveg þann 3. júní og sá síðari þann 16. júní við bæinn Hraun II á utanverðum Skaga. Eins og gefur að skilja vöktu þessar heimsóknir mikla athygli bæði innanlands og utan, kannski ekki síst vegna þess að bæði dýrin voru felld. Rétt um 20 ár voru síðan hvítabjörn gekk síðast á land á Íslandi og var það í Haganesvík í Fljótum í Skagafirði. Örlög hans urðu þau sömu og hvítabjarnanna nú. Í þessu greinarkorni er leitast við að varpa ljósi á þá atburðarás sem átti sér stað þegar dýrin gengu á land og viðbrögð heimamanna og yfirvalda. Í lokin er fjallað um ástand dýranna og gerð grein fyrir niðurstöðum vinnuhóps sem umhverfisráðherra skipaði til að semja tillögur um viðbrögð við landtöku hvítabjarna á Íslandi.

INNGANGUR

Heimkynni hvítabjarna (*Ursus maritimus*) eru svæði sem liggja að Íshafinu og er hafísinn eitt helsta búsvæði þeirra. Talið er að heimsstofn hvítabjarna sé nú um 20–25 þúsund dýr sem skiptist niður í 19 undirstofna.^{1,2,3} Greinargóða lýsingu á hvítabjörnum og lífnaðarháttum þeirra má meðal annars finna í greinum eftir Ævar Petersen og Þóri Haraldsson frá árinu 1993 og Karl Skírnisson í þessu hefti.^{4,5} Einnig má finna gagnlegar upplýsingar á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands (www.ni.is/frettir/nr/778) og á Vísindavefnum (www.visindavefurinn.is).

Í aldanna rás hafa hvítabirnir gengið á land á Íslandi. Líklegt

má telja að meginhluti þeirra dýra sé úr Austur-Grænlandsstofninum svokallaða. Ekki er þó hægt að útloka að dýr úr Svalbarðastofnunum og frá Jan Mayen gætu einnig hafa komið hingað til lands. Í rituðum heimildum er getið um 250 hvítabjarnakomur með allt að 500 hvítabirni sem gengið hafa á land eða sést á hafís við landið. Flest þessara dýra voru vegin ef þess var kostur, enda gerðu þau sig oft heimakomin á bæjum og ollu tjóni og í sumum tilfellum dauða. Þá var það talin mikil búbót að fanga slíkan grip. Hin síðari ár hefur hins vegar farið meira fyrir verndunarumræðunni enda hafa hvítabjarnastofnar átt undir högg að sækja vegna ofveiði, mengunar og bráðunar hafíss á norðurslóðum.

Eðli máls samkvæmt hafa komur hvítabjarna oftar en ekki tengst hafísárum og sum ár hafa komið tugir dýra, svo sem árið 1274 en þá er getið um 22 dýr og 27 árið eftir. Á síðustu öld eru til heimildir um komu 71 dýrs, þar af 27 hafísárin 1917–18.⁵ Skagafjörður og Húnavatnssýslur hafa ekki farið varhluta af heimsóknum hvítabjarna í aldanna rás og er reyndar fyrsta ritaða heimildin um komu slíkra gesta frá árinu 890 úr Vatnsdælasögu, þegar Ingimundur gamli landnámsmaður í Vatnsdal sá birnu með tvo húna og örnefnið Húnavatn í Þingi í Austur-Húnavatnssýslu varð til, að því er sögur herma. Í rituðum heimildum er getið um allt að 50 hvítabirni sem sést hafa eða verið vegnir í Skagafirði og Húnavatnssýslum og er sú upptalning sýnd í 1. töflu. Þess má þó geta að oft ber heimildum ekki saman og gæti vel verið um tvítalningu að ræða í sumum tilfellum. Samantektin sýnir þó að allt að 10% þeirra dýra sem heimildir eru til um á Íslandi hafa komið á land á þessum slóðum.

Árið 1993 urðu straumhvorf í viðhorfi til friðunar hvítabjarna hér á landi, en það ár sást hvítabjörn á sundi um 70 sjómílur norður af Horni. Skipverjar sem urðu dýrsins

1. tafla. Hvítabjarnakomur í Húnavatnssýslum og Skagafirði.

Ár	Fjöldi	Staðsetning	Athugasemdir	Heimildir
890	3	Húnavatn, A.Hún	Birna með tvo húna, birna drepin en húnar færðir konungi að gjöf.	Vatnsdælasaga
1518	1	Ásbúðartangi, Skagi	Rauðkinnungur, drap 8 manneskjur áður en hann var drepinn.	Morgunblaðið 17. mars 1971. Bls. 7; Lesbók Morgunblaðsins 28. júlí 1935. Bls. 239; Annálar 1400–1800 1. bindi. Skarðsannáll. Bls. 82–83; Annálar 1400–1800 3. bindi. Vatnsfjarðarannáll elsti. Bls. 36.
1615	1	Hólar í Hjaltadal	Drepið á Hólum.	Annálar 1400–1800 1. bindi. Skarðsannáll. Bls. 203; Annálar 1400–1800 3. bindi. Vatnsfjarðarannáll elsti. Bls. 54; Annálar 1400–1800 3. bindi. Vatnsfjarðarannáll yngri. Bls. 98; Dagur 9. nóvember 1955. Bls. 10.
1657	1	Eiríksstaðir í Svartárdal	Var komin inn í fjárhús, drepin.	Annálar 1400–1800 1. bindi. Seilunnáll. Bls. 312; Annálar 1400–1800 1. bindi. Vallholtsannáll. Bls. 347; Annálar 1400–1800 3. bindi. Vatnsfjarðarannáll yngri. Bls. 132; Lesbók Morgunblaðsins 20. október 1957. Bls. 548.
1705	2	Skagi	Sáust á ís.	Annálar 1400–1800 3. bindi. Grímsstaðarannáll, bls. 531; Annálar 1400–1800 4. bindi. Setbergsannáll. Bls. 181
1762	1	Fell í Sléttuhlíð	Kom af íslausu hafi og var drepíð.	Annálar 1400–1800 4. bindi. Höskuldsstaðaannáll, bls. 514; Annálar 1400–1800 6. bindi. Djáknaannáll. Bls. 127.
1791	1	Fljót	Náði kind úr fjárhúsi.	Annálar 1400–1800 5. bindi. Espihólsannáll. Bls. 200.
1791	1	Skagi	Var drepíð.	Annálar 1400–1800 6. bindi. Djáknaannáll. Bls. 314.
1867	1	Skagi	Var skotið.	Norðanfari 1. mars 1867. Bls. 20.
1870	1	Hraunkrókur í Fljótum	Var drepíð.	Norðanfari 27. apríl 1870. Bls. 38. Dagur 18. febrúar 1988. Bls. 10.
1873	1	Haganesvík í Fljótum	Var skotið.	Dagur 18. febrúar 1988. Bls. 10.
1874	1	Sauðárkrókur	Sást koma á land nálægt Sauðárkrók og stefndi til fjalla.	Norðanfari 18. febrúar 1874. Bls. 16.
1879	14	Skagi	Sáust bæði á ís og í landi. Þar af voru 2–3 sem sáust á Reykjaströnd.	Norðanfari 9. janúar 1879. Bls. 4.
1881	3	Reykir í Hjaltadal	Talin vera birna með 2 húna sem sáust fyrst á Tjörnesi.	Norðanfari 31. mars 1881. Bls. 52
1893	2	Skagi	Kom á landi á Skaga en slapp aftur út á ísinn áður en það var unnið.	Skírnir 1. janúar 1893. Bls. 19. Stefnir 29. janúar 1894.
18??	1	Hraun á Skaga	Náði 1 lambi í Hraunsmúlanum, lét sig hverfa aftur út á ísinn þegar menn gerðu aðsúg að honum. Átti sér stað skömmu fyrir aldamótin.	Byggðarsaga Skagfirðinga 1. bindi; Skefilsstaðahreppur – Skarðshreppur. Bls. 29.
18??	1	Efra Nes á Skaga	Sást aðeins einu sinni. Átti sér stað á síðari hluta aldarinnar.	Byggðarsaga Skagfirðinga 1 bindi. Skefilsstaðahreppur – Skarðshreppur. Bls. 49.
18??	3	Ytra Malland á Skaga	Talin vera birna með 2 húna. Héldu til í Mallandsskarði í nokkrar vikur. Einn björninn hvarf eftir einhvern tíma og hinir lögðust til sunds þegar voraði. Átti sér stað skömmu fyrir aldamót.	Byggðarsaga Skagfirðinga 1 bindi. Skefilsstaðahreppur – Skarðshreppur. Bls. 59.
1918	1	Skagaströnd	Drepið á ís úti fyrir bænum.	Norðurland 20. mars 1918. Bls. 29; Morgunblaðið 11. febrúar 1918. Bls. 3; Morgunblaðið 17. janúar 1918. Bls. 2; Morgunblaðið 8. janúar 1970. Bls. 15; Lesbók Morgunblaðsins 1. desember 1968. Bls. 18; Fram 19. janúar 1918. Bls. 10; Ísafold 19. janúar 1918. Bls. 2.
1918	4	Sléttuhlíð í Skagafirði	Talin hafa gengið á land. Misjafnt eftir heimildum hvort þau eru 2 eða 4. Þar sem dýrin eru 4 í annálum blaða er miðað við þann fjölda. Rangt var farið með örnefni í sumum heimildunum.	Morgunblaðið 8. janúar 1970. Bls. 15; Lesbók Morgunblaðsins 1. desember 1968. Bls. 18.
1918	1	Fljót í Skagafirði	Sást á ís og spor fundust eftir það við fjárhús. Talið var að þessi björn hefði verið skotin á Skaga skömmu síðar.	Dagur 18. febrúar 1988. Bls. 10.
1932	1	Húnaflói/Skagi	Sást á ís frá skipi.	Alþýðublaðið 8. apríl 1932. Bls. 2; Heimskringla 4. maí 1932. Bls. 1; Morgunblaðið 8. apríl 1932. Bls. 4.
1971	1	Ásbúðir á Skaga	Sást á ís úti fyrir bænum en er ekki talið hafa komið í land.	Morgunblaðið 19. febrúar 1971. Bls. 1; Dagur 24. febrúar 1971. Bls. 1.
1988	1	Haganesvík í Fljótum	Húnn, var skotin og stoppaður upp. Er í Varmahlíðarskóla.	Dagur 15. febrúar 1988. Bls. 1; DV 15. febrúar 1988. Bls. 2; Morgunblaðið 16. febrúar 1988. Bls. 62–63.
2008	1	Þverárfjallsvegur í Skagafirði	Karldýr, sást fyrst 3. júní og var skotin sama dag.	Í öllum helstu fjölmiðlum dagana á eftir.
2008	1	Hraun á Skaga	Kvenndýr, sást fyrst 16. júní og var skotin 17. júní eftir að björgunaraðgerð mistókst.	Í öllum helstu fjölmiðlum dagana á eftir.
Alls	50			

varir drápu það með því að snara það og hífa um borð í bát sinn. Mikil og heit umræða varð í kjölfar þessa atburðar sem leiddi til þess að ný heildarlög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum (nr. 64/1994) voru sett árið 1994, en í lögnum er sérstaklega fjallað um friðun hvítabjarna á Íslandi. Þar er lagt bann við veiðum hvítabjarna á sundi eða á hafis, en heimilt er að fanga lifandi birni og flytja þangað sem ekki stafar hættu af þeim. Þó er heimilt að fella hvítabirni ef þeir ógna fólki eða búfénaði.


Um miðja síðustu öld voru hvítabirnir rétttræpir hvar sem var í heiminum og á þeim stunduð mikil sportveiði. Talið er að heimsstofninn hafi verið um 5000 dýr þegar Sovétmenn friðuðu hvítabirni árið 1956. Fleiri þjóðir fylgdu í kjölfarið og frá 1966 var farið að friða mismunandi stofna og leiddi það síðan til alfriðunar 1973. Grænlandingar hófu þó ekki verndunaraðgerðir fyrr en árið 1994 og í janúar árið 2006 gengu í gildi lög sem ákvörðuðu veiðikvóta frumbyggja. Árið 2008 settu Bandaríkjamenn hvítabjörnninn á lista yfir dýr í útrýmingarhættu.

Frumbyggjum er heimilt að veiða ákveðinn fjölda dýra á ári hverju samkvæmt svokölluðum frumbyggjakvótum. Talið er að allt að 1000 dýr séu felld á ári hverju á grundvelli þeirra kvóta. Til dæmis er heimilt að fella um 50–60 dýr úr Austur-Grænlandsstofninum á ári hverju.

LANDGANGA HVÍTABJARNNA Í SKAGAFIRÐI Í JÚNÍ 2008

„Þverárfjallsbjörnninn“

Það var miðvikudagsmorguninn 3. júní að fréttir bárust af því að sést hefði hvítabjörn við svonefndan Þverárfjallsveg í Skagafirði (1. mynd). Eðli málsins samkvæmt fór þessi frétt eins og eldur í sinu á öldum ljósvakans og fólk flyktist að úr nærliggjandi byggðarlögum. Allir vildu jú sjá hvítabjörnninn. Lög-reglu barst tilkynningin seinna en almenningi og gat því ekki tryggt vettvanginn. Mikill fólksfjöldi var



1. mynd. Kort af Skaga sem sýnir staðsetningar hvítabjarnanna. Gervitunglamynd Landmælinga Íslands (www.lmi.is).

samankominn á svæðinu áður en lögregla kom þangað. Umhverfisráðuneyti, Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands hafði verið tilkynnt um atburðinn og starfsmenn Náttúrustofu Norðurlands vestra voru einnig kallaðir til, auk fjögurra skyttna.

Hvítabjörnninn sást fyrst við veginn þar sem afleggjarinn út á Skaga í Laxárdal tengist Þverárfjallsvegi við Miðmundarfjall (1. mynd). Þegar styggð kom að honum gekk hann upp á Miðmundarfjall við Melagil og lagðist þar niður. Veður þennan dag var skaplegt en þokubakkar voru til fjalla. Þekking á eðli og hegðun hvítabjarna var ekki til staðar og olli það því töluverðri óvissu

að vettvangur var ekki vel tryggður fyrir aðkomu fólks. Það varð til þess að fimm manna hópur, þar á meðal tvær skyttur, gekk upp að dýrinu til að fylgjast betur með ferðum þess.

Hvítabirnir eru stærstu þurr-lendisrándýr jarðar og geta verið stórhættulegir, sér í lagi ef þeir eru hungraðir og þeim ógnað. Þeir eru einnig mjög forvitnir að eðlisfari og þegar dýrið varð vart við mannaferðir fór það að skoða betur hvað þarna var á ferðinni. Það nálgadist hópinn nokkuð hratt; hann hörfaði undan niður hlíðar fjallsins og voru einungis um 20 metrar á milli dýrsins og hluta hópsins á tímabili (2. mynd). Þegar dýrið varð vart við fólk og umferðina á Þverárfjallsvegi



2. mynd. Einungis voru um 20 m á milli hvítabjarnarins og hluta hópsins. Ljós.: Þorsteinn Sæmundsson 2008.

stoppaði það hins vegar og má fullyrða að það hafi orðið tveimur einstaklingum til lífs. Það er þó ekki að fullu vitað hvers vegna dýrið stoppaði í stað þess að ráðast á mennina. Dýrið sneri síðan til suðvesturs og gekk norðurhlíð Miðmundarfjalls í átt að Melrakkagili, sem liggur rétt austan við eyðibýlið Herjólfstaði.

Meðan á öllu þessu stóð hafði farið fram umræða um hvort og þá hvernig mætti ná dýrinu lifandi. Það var samdóma álit að slíkt væri ekki framkvæmanlegt við þær aðstæður sem upp voru komnar. Ekki var til staðar nauðsynlegur búnaður til að svæfa dýrið, né heldur búr sem hægt hefði verið að flytja það í og ekki lá fyrir hvert ætti þá að flytja það. Í ljósi þessa og einnig þess að dýrið var komið á hreyfingu og stefndi til fjalla var ekki talið ráðlegt að taka neina áhættu vegna fólksins sem hafði safnast saman á Þverárfjallsvegi né á því að missa dýrið inn í þokuna og týna því. Ómögulegt væri að segja til um hvar það kæmi niður næst. Öryggisins vegna var sú ákvörðun tekin að fella dýrið og var það gert í Melrakkagili og tók fljótt af. Þegar þarna var komið var ekki um aðra möguleika að ræða.


Starfsmenn Náttúrustofu Norðurlands vestra, auk fjölda annarra aðila, leituðust við að gefa eins góðar upplýsingar og unnt var um atburðarásina. Starfsemi náttúrustofunnar riðlaðist öll við þessa upptöku og má segja að sólarhringsvakt hafi verið næstu tvær vikurnar. Svara þurfti fyrirspurnum, flá dýrið og kryfja, taka sýni úr því og síðan koma dýrinu og sýnunum suður til Reykjavíkur. Þessu var öllu lokið föstudaginn 13. júní.

Mikil umræða varð, bæði innanlands og utan, um komu dýrsins til landsins og þá ákvörðun að fella það og skiptust menn í tvær fylkingar hvað það varðar. Mörg símtöl komu frá fréttamönnum og almenningi, sum á jákvæðum nótum, þar sem fólk vildi einfaldlega ræða málin og koma skoðunum sínum á framfæri, önnur því miður á neikvæðum nótum. Á óvart kom hversu mikil heift var hjá sumu fólki út í þá aðgerð að fella dýrið. Vanþekkingin á eðli og hegðun hvítabjarna – og ekki síst þeirri aðstöðu sem upp var komin á vettvangi – birtist í mörgum myndum og þeir voru oft háværastir sem minnsta höfðu þekkinguna.

„Hraunabirnan“

Öllum að óvörum barst lögreglunni á Sauðárkróki tilkynning um að annar hvítabjörn hefði sést við bæinn Hraun II á utanverðum Skaga mánudaginn 16. júní (1. og 3. mynd). Heimasætan á bænum hafði verið úti við og orðið dýrsins vör í einungis 100 m fjarlægð. Benda má á að hvítabjörn getur farið þessa vegalengd á innan við 10 sekúndum. Í þessu tilfelli var lögreglunni tilkynnt fyrst um atburðinn og gat lokað svæðinu með hjálp björgunarsveita og tryggt öryggi ábúenda og þess fólks sem síðar var kallað til. Náttúrustofu Norðurlands vestra var tilkynnt um atburðinn og kom hún upplýsingunum til umhverfisráðuneytisins og Umhverfisstofnunar. Kallað var til fólk frá Náttúrustofu Norðurlands vestra, fjórar skyttur og sjúkrabíll auk björgunarsveita og lögreglu frá Skagafirði og Húnavatnssýslum. Hvítabjörninn var vaktaður og mikill viðbúnaður settur upp.

Hvítabjörninn hafði komið sér fyrir í lægð einni inni í miðju æðarvarpi rétt norðan við bæinn Hraun II (3. og 4. mynd). Þar var hann nánast allan daginn í hvarfi, en einstaka sinnum rak hann upp hausinn eða



3. mynd. Hraun á Skaga og Skagatá. Ljós.: Þorsteinn Sæmundsson 2008.

hrammana, líkt og hann væri að teygja úr sér.

Umhverfissráðuneytið ákvað í samráði við Umhverfisstofnun að reynd yrði björgun á dýrinu með þeim ráðum sem tiltæk voru og þess freistað að koma því lifandi til náttúrlegra heimkynna. Aðgerð var sett í gang í þessu skyni af hálfu Umhverfisstofnunar. Áætlunargerðin reyndist flókin og tímafrek þar sem engin reynsla af þess háttar aðgerð var fyrir hendi. Áætlunin lá fyrir seint um kvöld hjá Umhverfisstofnun og gekk út á að svæfa dýrið með deyfilyfjum sem skotið yrði úr pílubyssu, færa síðan dýrið í búr og flytja það með varðskipi að ísröndinni og sleppa því þar. Til aðstoðar og skipulagningu á vettvangi var fenginn yfirdýralæknir dýragarðsins í Kaupmannahöfn, Carsten Grøndahl. Um þetta leyti var Landhelgisgæslan fengin að málinu og bauðst hún til að taka þátt í aðgerðum með þyrllu og varðskipi. Umhverfissráðuneytið setti í gang vinnu við að afla tilskilinna leyfa hjá stjórnvöldum á Grænlandi þannig að sleppa mætti dýrinu í grænenskri lögsögu.

Gengið var frá því við Icelandair Cargo að þeir flygju með búið og danska dýralækninn til Akureyrar

þaðan sem þyrlla Landhelgisgæslunnar myndi flytja hann út á Hraun. Ýmissa leyfa þurfti að afla varðandi innflutning þess búnaðar sem stóð til að nota við björgunaraðgerðina. Búið komst ekki fyrir í þyrllunni og því þurfti að flytja það landleiðina á staðinn. Að kveldi 16. júní var búið að ganga frá flestum endum hvað varðaði áætlunina um björgun dýrsins, þ.e. flug með dýralækni og búr, leyfisveitingar og samskipti við Landhelgisgæsluna og lögreglu um

aðgerðir. Hvítabjörninn hafði lítið hreyft sig úr bæli sínu í æðarvarpinu á þessum tíma.

Aðfaranótt 17. júní hafði björninn ekki mikið verið á ferðinni, en um hálfsexleytið varð vart við hreyfingu og dýrið tók að vafra um æðarvarpið (4. mynd). Það gerði nokkrar tilraunir til að fanga kollur sem enn lágu á, en virtist ekki hafa erindi sem erfiði. Eftir stuttan göngutúr hélt dýrið niður að vatni þar sem það lagðist aftur og hélt að mestu



4. mynd. Um klukkan sex að morgni 17. júní lét hvítabjörninn loks á sér kræla og fór að ganga um æðarvarpið, líklega í ætisleit. Ljós.: Þorsteinn Sæmundsson 2008.



5. mynd. Búrið komið út á Skaga, en það var flutt landleiðina frá Akureyri. Ljós.: Þórdís V. Bragadóttir 2008.

kyrru fyrir þar um daginn, nema hvað það fékk sér vatn að drekka einstaka sinnum.

Frekari undirbúningi fyrir komu Carstens Grøndahl dýralæknis var haldið áfram um morguninn, þ.e. 17. júní. Sérfræðingur Umhverfisstofnunar hafði þá verið í samskiptum við Carsten og Christian Sonne, dýralækni og sérfræðing í hvítabjarnafræðum við Árósaháskóla, og dönsku Umhverfisstofnunina. Til stóð að Christian Sonne fylgdi Carsten til Íslands og annaðist sýnatökur úr birninum, en af komu hans varð ekki og því tók Umhverfisstofnun ábyrgð á öflun umræddra sýna. Drög að aðgerðaráætlun við föngun hvítabjarnarins voru ákveðin af yfirlögregluþjóni, dýralækni Umhverfisstofnunar og forstöðumanni Náttúrustofu Norðurlands vestra. Yfirlögregluþjónn var sá sem stýrði aðgerðum að Hrauni með tilliti til öryggisþátta en ábyrgð á aðgerðum við föngun dýrsins hvíldi á starfsmanni Umhverfisstofnunar. Kallaðir voru til þrír dýralæknar á vegum Matvælastofnunar til aðstoðar við aðgerðina og fyrirhugaðar sýnatökur.

Vél Icelandair Cargo lenti á Akureyrarflugvelli um kl. 14:30 með Carsten Grøndahl dýralækni og búr fyrir björninn. Búrinu var ekið landleiðina út á Hraun en Carsten

fluttur með þyrilu Landhelgisgæslunnar (5. mynd). Hvítabjörninn var enn rólegur í æðarvarpinu og hafði lítið hreyft sig. Þegar Carsten kom að Hrauni var haldinn fundur þar sem hann var kynntur fyrir öllum þeim aðilum á staðnum sem komu að aðgerðum og ábyrgðarskipan auk þess sem farið var almennt yfir stöðu mála. Aðgerð varðandi föngunina var ákveðin í smáatriðum og í framhaldinu gengu aðilar til undirbúnings. Búrið kom að Hrauni um kl. 17:00 og



6. mynd. Tveir bílar voru notaðir til að komast að dýrinu, en það varð vart við seinni bílinn (til hægri á myndinni) þar sem Carsten Grøndahl dýralæknir var innanborðs. Dýrið liggur við vatnið á milli bílanna. Ljós.: Þórdís V. Bragadóttir 2008.

hófst björgunaraðgerðin skömmu síðar.

Ákveðið var að nálgast dýrið á tveimur bílum og senda fyrri bílinn í hvarf við björninn, helst milli hans og sjávar til að koma í veg fyrir að dýrið ætti undankomu þangað. Bíllinn komst í um 50 m fjarlægð við dýrið og staðnæmdist þar án þess að dýrið yrði hans vart að því er virtist. Seinni bíllinn, með Carsten innanborðs, nálgadist björninn í hans auglýn og kom hreyfing á dýrið áður en komist varð í fullnægjandi færi til að skjóta það með deyfipílu (6. mynd). Fyrstu viðbrögð hvítabjarna við hættu eru að leita í sjó eða vatn og eins og sést á 3. mynd er stutt í vatn og sjó á utanverðum Skaga. Í stuttu máli fældist dýrið og eftir stuttan eltingarleik var ljóst að það var á leiðinni í sjóinn. Á því augnabliki var ákveðið að fella það og var það gert á fagmannlegan hátt. Því miður tókst ekki að ná birninum lifandi þrátt fyrir allan undirbúninginn, en við þær aðstæður sem eru á utanverðum Skaga er ekki hlaupið að því.

Fjölmiðlafár varð svipað og við komu fyrri bjarnarins en ljóst var að reiðiöldurnar hafði lægt töluvert, enda eflaust aukinn skilningur á því hvað við er að eiga þegar slíka gesti ber að garði. Sú tilraun sem gerð var

til að fanga hvítabjörn og flytja hann aftur til heimkynna sinna hefur gefið okkur mikla og dýrmæta reynslu sem við búum að í dag og á eftir að nýttast vel þegar næsti hvítabjörn gengur á land á Íslandi. Í raun má segja að verkefnið hafi gengið vel en lokamarkmið þess náðist því miður ekki að þessu sinni – að fanga hvítabjörn og koma honum til náttúrlegra heimkynna. Allir sem tóku þátt í þessari aðgerð vissu að brugðið gat til beggja vona.

Ráðstafanir höfðu verið gerðar fyrir sýnatöku ef svo færi að fella þyrfti dýrið. Hluti þessarar sýnatöku þarf að fara fram innan við 30 mínútum eftir að dýr er fellt og er sýnum komið fyrir í fljótandi köfnunarefni. Eins og gefur að skilja er slík sýnataka erfið viðfangs úti í náttúrunni og gafst því einstakt tækifæri á Skaga. Sýni sem tekin eru með þessum hætti geta gefið mjög mikilvægar upplýsingar um ástand dýrsins og ýmsa umhverfisþætti í náttúrlegum heimkynnum þess. Sýnin frá dýrinu við Hraun verða rannsökuð við Árósháskóla undir umsjón Christian Sonne, en hann og samstarfsmenn hans hafa unnið mikið að rannsóknum á hvítabjörnum við austurströnd Grænlands.

Voru þeir 2, 3, 4 eða jafnvel 5?

Í kjölfar þessara atburða komu nokkrar tilkynningar um að sést hefðu spor eftir hvítabirni og jafnvel að fólk hefði séð til hvítabjarna, meðal annars frá Hveravöllum, Langa vatni, Langadal, Bjarnarvötnum á Skaga og Hornströndum. Mikil leit var gerð í nokkrum tilfellum en hún bar ekki árangur og meint spor sem fundust voru ekki talin hafa verið eftir hvítabirni, en þau eru nokkuð auðgreinanleg (7. mynd). Útilokað er að fullyrða hvort um bjarndýr hafi verið að ræða í sumum tilfellum enda var ekki hægt að segja til um hvort dýrin hefðu farið í sjóinn aftur, þótt ólíklegt geti það talist.

Ástand hvítabjarnanna

Fjölmörg sýni voru tekin úr báðum hvítabjörnunum, þó svo að sýnataka úr þeim seinni hafi verið mun umfangsmeiri. Margir dýralæknar komu að þessari sýnatöku á mismunandi stigum málsins, en Karl Skírnisson líffræðingur á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum hefur séð um meginhluta rannsókna sem unnar hafa verið hér á landi og hefur hann birt hluta nið-

urstaðna sinna í fréttatilkynningum og einnig í grein í þessu hefti.⁴ Hluti sýnanna var sendur til Danmerkur til frekari greininga, eins og áður hefur komið fram.

Við rannsóknir á hvítabjörnunum kom það helst á óvart hversu slæmt ástand þeirra var. Bæði dýrin voru greinilega undir meðalþyngd en birnan þó öllu verr á sig komin en björninn. Hvítabjörninn sem var felldur við Þverárfjallsveg vó um 220 kg, sem er töluvert undir meðalþunga karldýra úr Austur-Grænlandsstofninum en þeir geta náð 350–450 kg þyngd. Í ljós kom að dýrið var sýkt af þráðormi, svokölluðum trikinum (*Trichinella nativa*). Talið er að björninn hafi verið allt að 22 ára gamall og því með elstu dýrum sem aldursgreind hafa verið úr Austur-Grænlandsstofnunum.⁴ Birnan sem felld var á Hrauni var mun verr á sig komin. Hún vó tæp 150 kg, sem er langt undir meðalþyngd. Hún var greinilega aðframkomin af næringarskort og vöðvarýr. Aldur hennar er talinn hafa verið 12–13 ár.⁴ Birnan var hins vegar ekki sýkt af þráðormi en sýni sem tekin voru úr henni rétt eftir að hún var felld voru einnig send til rannsókna í Danmörku.



7. mynd. Spor eftir hvítabirni við Hraun II á Skaga. Hvert spor er um 25–30 cm langt. Ljós.: Helgi Páll Jónsson 2008.

VIÐBRÖGÐ VIÐ LAND- GÖNGU HVÍTABJARNNA Á ÍSLANDI

Umhverfisráðherra skipaði starfs-
hóp um viðbrögð við landtöku
hvítaljarna fljótlega eftir að seinni
hvítaljörnninn var felldur. Hlutverk
starfshópsins, samkvæmt erind-
isbréfi, var að vinna tillögur um
viðbrögð vegna hugsanlegrar land-
töku hvítaljarna á Íslandi og átti
hópurinn að taka sérstaklega mið
af þeirri reynslu sem fékkst við
landtöku hvítaljarnanna á Skaga
sumarið 2008 við tillögugerð sína,
en enn fremur leita sem víðast eftir
reynslu og þekkingu annarra á þessu
sviði. Formaður starfshópsins var
Hjalti J. Guðmundsson, sviðsstjóri
sviðs náttúruauðlinda hjá Umhverf-
isstofnun, en aðrir í hópnum voru
Guðmundur A. Guðmundsson,
dýravistfræðingur hjá Náttúru-
fræðistofnun Íslands, Ólafur Jónsson,
héraðsdýralæknir fyrir Skagafjarðar-
og Eyjafjarðarumdæmi, og Stefán
Vagn Stefánsson, yfirlögregluþjónn
í Skagafirði. Ritari starfshópsins
var Karl Karlsson, dýralæknir hjá
Umhverfisstofnun. Starfshópurinn
skilaði niðurstöðum haustið 2008.⁶

Starfshópurinn tók m.a. viðtöl við
alla sem tóku beinan þátt í aðgerð-
um á Skaga í báðum landgöngum
hvítaljarna. Einnig voru tekin viðtöl
við 16 innlenda og erlenda sérfræð-
inga á sviði hvítaljarnafræða um
æskileg viðbrögð við komu slíkra
dýra hingað til lands. Markmiðið
með viðtölum við þátttakendur í
aðgerðunum var að fá sem besta
yfirsýn yfir atburðarásina og jafn-
framt fræðast um mat aðgerðafólks
á aðstæðum og hvað megí læra
af komu hvítaljarnanna hingað til
lands. Markmið með viðtölum við
hóp sérfræðinga var að átta sig á
því hvernig best og skynsamlegast
sé að bregðast við þegar hvítaljarnir
ganga á land á Íslandi út frá fagleg-
um forsendum.

Í viðtölum hópsins við þátttak-
endur í báðum atvikunum á Skaga
kom fram að um mjög mismunandi
atburði hefði verið að ræða. Í fyrri
tilfallinu á Þverárfjalli skapaðist

mikil hætta vegna þess fjölda fólks
sem dreif að svæðinu til að skoða
dýrið. Mikill fólksfjöldi var mættur
á vettvang á undan lögreglu og
gekk lögreglu erfiðlega að búa til ör-
ygghissvæði. Þegar þeirri vinnu var
lokið færði dýrið sig um set og fór
út fyrir öryggissvæðið en það skap-
aði hættu fyrir nærstadda. Sökum
þess og einnig vegna þess að mikil
þoka var á vettvangi og hætta á að
dýrið týndist í þokunni var ákveðið
í samráði við þá sem að aðgerðinni
komu að fella dýrið. Seinna tilfallið
á Hrauni á Skaga var frábrugðið.
Hér var dýrið mjög rólegt og hreyfði
sig lítið allan þann tíma sem tók að
skipuleggja og hefja björgunarað-
gerðir. Almenn tölðu þátttakendur
aðgerðarinnar að Hrauni á Skaga að
vel hefði til tekist með skipulag og
útfærslu aðgerðarinnar, miðað við
þær aðstæður og bolmagn sem fyrir
hendi var, enda þótt lokatakmarki
hafi ekki verið náð.

Niðurstöður sérfræðinga sem
starfshópurinn leitaði til voru
mjög samhljóða. Um var að ræða
álit 16 innlendra og erlendra sér-
fræðinga á sviði hvítaljarnafræða
eins og áður segir. Fram kom
hjá hvítaljarnaráði International
Union for Nature Conservation
(IUCN) (<http://pbg.npolar.no/en/index.html>) að það styður
sjálfbæra nýtingu á öllum stofn-
um hvítaljarna og gerir því ekki
athugasemdir við að dýrin sem
komu hingað til lands hafi verið
felld. Þetta sjónarmið kom einnig
fram hjá öðrum sérfræðingum sem
rætt var við og tóku sumir jafnvel
svo djúpt í árinna að eina rökrétta
viðbragðsáætlunin hér á landi ætti
að vera að fella dýrin, enda væru
þau langt frá heimkynnum sínum,
ógnuðu öryggi og gætu mögulega
skapað sýkingahættu fyrir önnur
dýr hér á landi.


Út frá þeim upplýsingum sem
starfshópurinn aflaði dró hann
þá ályktun að skynsamlegast sé
að fella þá hvítaljarni sem koma
hingað til lands. Rökstuðning fyrir
þessu áliti má greina niður í þrjú
meginsjónarmið:

1. *Öryggissjónarmið.* Alltaf er talin
stafa hætta af hvítaljörnum sem
hingað koma til lands enda dýr-
in utan náttúrlegra heimkynna í
umhverfi sem þau þekkja ekki.
Það er samdóma álit þeirra sér-
fræðinga sem starfshópurinn
ræddi við. Dýrin virðast vera
óútreiknanleg og alltaf skal gæta
mikillar varúðar í samskiptum
manns og hvítaljarnar þannig
að maðurinn eigi alltaf frum-
kvæðið í þeim samskiptum.
2. *Stofnstærðarsjónarmið.* Það var álit
vísindamanna á sviði hvítaljarn-
arrannsóknna að engin stofn-
stærðarrök séu fyrir björgun ein-
staka hvítaljarna sem kunna að
villast til Íslands. Í austurgræn-
lenska stofninum eru að lágmarki
2000 dýr og ósennilegt að það
skipti stofninn nokkru máli þótt
fáein dýr væru felld hér á landi
enda er gefinn út árlegur veiði-
kvóti á hvítaljarni við Austur-
Grænland.
3. *Kostnaður við björgunaraðgerðir.*
Ljóst er að björgunartilraunir eru
mjög kostnaðarsamar og erfiðar í
framkvæmd. Í því ljósi má benda
á að ef reyna á björgun kostar
það þjálfun björgunarteymis,
bæði grunnþjálfun og viðhalds-
þjálfun, hérlendis sem erlendis.
Tækjabúnað þarf til verkefnisins,
t.d. hentuga þyrllu, aðkomu
Landhelgisgæslunnar vegna
skips og annan búnað sem slík
áætlun krefst og verður að skil-
greina. Bent er á þá staðreynd að
ef hvítaljarni er bjargað hér á
landi og hann fluttur stystu leið
yfir til Grænlands, t.d. á svæði í
nágrenni Kulusuk á Austur-
Grænlandi á veiðitíma, er hugs-
anlegt að hann verði fljótlega
skotinn enda veiðimenn flestir á
því svæði. Því þyrfti að flytja
björninn langt til norðurs ef
tryggja á að hann verði ekki á
vegi veiðimanna. Ekki hefur ver-
ið reiknaður út kostnaður vegna
þessa en ljóst er að hann hlypi á
tugum milljóna vegna hvers ein-
staks dýrs.

Starfshópurinn lagði því ekki drög að björgunaráætlun fyrir hvítabirni sem koma hingað til lands og taldi slíkt ekki nauðsynlegt meðan ástand hvítabjarnastofna í nágrenni Íslands er óbreytt. Ef álit hvítabjarnaráðs IUCN og annarra sérfræðinga, varðandi þörf á björgun þeirra dýra sem hugsanlega koma hingað til lands, breytist m.t.t. stofnverndarsjónarmiða ber að endurskoða þá ákvörðun. Starfshópurinn taldi því mikilvægt að íslensk stjórnvöld stofni til formlegs samstarfs við hvítabjarnaráð IUCN, dönsk og grænensk yfirvöld og rannsóknaraðila sem stýra veiðum og rannsóknum á austurgrænenska hvítabjarnastofninum.

Til að tryggja samræmd og skilvirk viðbrögð við komu hvítabjarna lagði starfshópurinn til að stofnaður yrði sérstakur viðbragðshópur. Hópurinn hefði umsjón með og bæri ábyrgð á viðbrögðum við komu hvítabjarna, hlyti þjálfun til að bregðast við aðstæðum og vinna samkvæmt fyrirfram ákveðnu verklagi. Starfshópurinn taldi mikilvægt að viðbragðshópurinn væri samsettur af sömu aðilum í öllum tilfellum. Í viðbragðshópnum skyldu vera fulltrúar ríkislögreglustjóra, Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og yfirdýralæknis ásamt skyttum. Aðrir sem kæmu að málinu gætu verið frá viðkomandi landshluta eða mismunandi starfsmenn stofnana. Það var álit starfshópsins að viðbragðshópurinn skyldi vera staðsettur á Norðurlandi þar sem algengast er að hvítabirnir komi á land. Skynsamlegast væri að miðstöð hans yrði á Mið-Norðurlandi. Þá yrði hópurinn staðsettur miðsvæðis á því landsvæði þar sem líklegast er að hvítabirnir komi að landi á Íslandi og útkallstími yrði því skammur þegar atvikin gerast. Starfshópurinn lagði til ákveðið verkferli, eða viðbragðsáætlun, sem unnið yrði eftir við komu hvítabjarna hingað til lands (8. mynd).

Álitsgjafar starfshópsins mæltu með að samið yrði við grænensk stjórnvöld um kaup á úthlutuðum



8. mynd. Verkferli við landgöngu hvítabjarna á Íslandi.

veiðikvóta úr Austur-Grænlandsstofninum ef dýr yrðu felld hér á landi. Það væri í samræmi við stefnu Kanadamanna, sem draga hvert fellt dýr frá veiðikvóta viðkomandi stofns, og styddist einnig við álit hvítabjarnaráðs IUCN um sjálfbærar veiðar.

Starfshópurinn lagði til að komið yrði á formlegum samskiptum við sérfræðingahóp IUCN um hvítabirni og þá sérfræðinga á Grænlandi og í Danmörku sem fara með mál efni austurgrænenska hvítabjarnastofnsins. Í gegnum slík samskipti

mætti fylgjast grannt með þróun mála að því er varðar ástand stofna og hugsanlegar breytingar á fyrirkomulagi veiða úr viðkomandi stofnum og þá hvort viðhorf þessara aðila gagnvart eðlilegum viðbrögðum við landgöngu hvítabjarna á Íslandi taki breytingum.

Úr birnunni sem felld var að Hrauni náðust mikilvæg sýni sem nýtast munu erlendum rannsóknaraðilum, m.a. til að meta mengun á búsvæðum austurgrænenskra hvítabjarna og áhrif mengunar á einstaklinga og viðkomu stofnsins.

Íslendingar geta með áframhaldandi og formlegri aðild að slíkum rannsóknum orðið beinir þátttakendur í vöktun austurgrænlandska hvítabjarnastofnsins og þannig átt þátt í viðleitni þjóða til að vernda stofna hvítabjarna til framtíðar. Með samstarfi við ofangreinda aðila gætu einnig skapast tækifæri til að kynna

sér nánar hvernig staðið er að vöktun hvítabjarnastofna og hvernig aðrar þjóðir taka á málum þar sem hætta getur stafað af hvítabjörnum.

Starfshópurinn taldi það ekki raunhæfan möguleika að svo komnu máli að fanga hvítabirni sem hér ganga á land með það að markmiði að koma þeim fyrir í dýragörðum

erlendis. Eðlilegra sé að fanga slík dýr í sínu náttúrulega umhverfi og þar með hafa möguleika á að velja dýr sem henta í þeim tilgangi. Verr væri af stað farið en heima setið í þeim efnum ef svo kæmi í ljós að dýrið hentaði af einhverjum ástæðum ekki.

HEIMILDIR

1. Aars, J., Lunn, N.J. & Derocher, A.E. (ritstj.) 2006. Polar Bears. Proceedings of the 14th Working Meeting of the IUCN/SSC Polar Bear Specialist Group, 20–24 June 2005, Seattle, Washington, USA. Occasional Paper of the IUCN Species Survival Commission No. 32. 198 bls.
2. Lentfer, J.W. 1984. Polar bear. Í: The Encyclopaedia of Mammals (ritstj. Macdonald, D.). Facts on File Inc., New York. Bls. 92–93.
3. Stirling, I. 1998. Polar Bears. The University of Michigan Press. 220 bls.
4. Karl Skírnisson 2009. Um aldur og ævi hvítabjarna. Náttúrufræðingurinn 78 (1–2). 39–45.
5. Ævar Petersen & Þórir Haraldsson 1993. Komur hvítabjarna til Íslands fyrr og síðar. Í: Páll Hersteinsson og Guttormur Sigbjarnarson (ritstj.). Villt íslensk spendýr. Hið íslenska náttúrufræðifélag og Landvernd, Reykjavík. Bls. 74–78.
6. Hjalti Guðmundsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Ólafur Jónsson & Stefán Vagn Stefánsson 2008. Viðbrögð við landgöngu hvítabjarna á Íslandi. Skýrsla starfshóps sem umhverfisráðherra skipaði í júní 2008 til tillögugerðar um viðbrögð vegna hugsanlegrar landgöngu hvítabjarna á Íslandi. 19 bls.

ÞÓST- OG NETFÖNG HÖFUNDA

Þorsteinn Sæmundsson
Náttúrustofu Norðurlands vestra
Aðalgötu 2
IS-550 Sauðárkróki
nnv@nnv.is

Hjalti Guðmundsson
Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík
hjalti@umhverfisstofnun.is

Þórdís V. Bragadóttir
Náttúrustofu Norðurlands vestra
Aðalgötu 2
IS-550 Sauðárkróki
thordis@nnv.is

Helgi Páll Jónsson
Náttúrustofu Norðurlands vestra
Aðalgötu 2
IS-550 Sauðárkróki
helgi@nnv.is

UM HÖFUNDANA



Þorsteinn Sæmundsson (f. 1963) lauk BS-prófi í jarðfræði frá Háskóla Íslands 1988 og 4. árs prófi í jarðfræði sama ár. Hann lauk Fil.lic.-prófi 1993 og Fil. dr.-prófi í ísaldarjarðfræði 1995 frá Háskólanum í Lundi 1995. Þorsteinn vann sem sérfræðingur á snjóflóðadeild Veðurstofu Íslands 1995–1999 og hefur gegnt starfi forstöðumanns Náttúrustofu Norðurlands vestra frá árinu 2000.



Hjalti J. Guðmundsson (f. 1965) lauk BS-prófi í landfræði frá Háskóla Íslands 1989, MS-prófi í náttúrufræði frá sama skóla 1992 og Ph.D.-prófi frá landfræðideild Háskólans í Edinborg 1998. Hjalti vann sem sérfræðingur hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landgræðslu ríkisins 1993 og 1994. Frá 1998 starfaði hann sem verk-efnastjóri Staðardagskrár 21 fyrir Reykjavík og frá 2002 sem framkvæmdastjóri stefnumótunar og þróunar á Umhverfissviði Reykjavíkurborgar. Árið 2007 tók Hjalti við starfi forstöðumanns náttúruverndarsviðs Umhverfisstofnunar og hefur gegnt starfi sviðsstjóra náttúruauðlindasviðs sömu stofnunar frá upphafi árs 2008.



Þórdís Vilhelmina Bragadóttir (f. 1979) lauk B.Sc.-prófi í líffræði frá Háskóla Íslands 2002 og M.Sc.-prófi frá sama skóla 2008. Þórdís starfar nú sem sérfræðingur á Náttúrustofu Norðurlands vestra.



Helgi Páll Jónsson (f. 1977) lauk BS-prófi í jarðfræði frá Háskóla Íslands árið 2005. Hann starfar sem sérfræðingur á Náttúrustofu Norðurlands vestra og stundar auk þess meistaranám í jarðfræði við Háskóla Íslands.